

Vel heppnuð Safnanótt í Garðabæ

Rúmlega 600 gestir sóttu fjölmarga viðburði og tvær stórar sýningaopnanir á Safnanótt í Garðabæ sem fór fram þann 3. febrúar.

Sýningin Aftur til Hofstaða var opnuð af Almari Guðmundssyni bæjarstjóra en tónlist flutti Eyjólfur Eyjólfsson tenór, langspilsleikari og þjóðfræðingur. Hringur Hafsteinsson frá Gagarín, einn aðalhöfundur sýningarinnar, sagði frá virkni þessarar einstöku sögusýningu sem fjallar um sögu Garðabæjar frá landnámi til okkar daga. Forstöðumaður Borgarsögusafns og fleiri sagnfræðingar voru viðstaddir opnunina og almenn gleði með glæsilega og fræðandi sýningu.

Í Hönnunarsafni var Ada Stańczak er keramikhönnuður að störfum á vinnustofu safnsins og þríeykið Otho, Carlo og Wolly léku raftónlist í anddyri safnsins. Í Smiðjunni sáu hönnuðirnir Auður Ösp Guðmundsdóttir og Kristín María Sigbórsdóttir um húsgagnasmiðju fyrir alla fjölskylduna. Klukkan 20 var sýningin Hönnunarsafnið sem heimili opnuð af Almari Guðmundssyni bæjarstjóra og Lilju Dögg Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra. Við opnunina léku Jelena Ciric, Ásgeir Ásgeirsson og Margrét Arnardóttir tónlist. Vegna leka var ekki hægt að opna sýninguna nema að hluta til en í vor verður ráðist í viðgerðir á þaki.

Í Bókasafni Garðabæjar fór fram smiðja með Elínu Helenu Evertsdóttur sem kenndi börnum að gera hljóðfæri út endurvinnanlegu efni. Skólakór Sjálandsskóla söng undir stjórn Ólafs Schram og opnun sýningar á málverkum Sveinbjörns Steingrímssonar á vegum Grósku fór fram. Ljóðasjoppa með Jakub Stachowiak og jazztónleikar með Rebekku Blöndal og Ásgeiri Ásgeirssyni slógu í gegn.